

# Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

Fundur í stjórn Byggðasamlags um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu var haldinn á skrifstofu Blönduósbæjar, fimmtudaginn 13. september 2018, og hófst kl: 17:00-

Mættir: Hjálmar Björn Guðmundsson (Blb.), Sverrir Þór Sverrisson (Hvhr.), Magnús Valur Ómarsson (Blb.), Jón Jóhannsson, Slökkviliðsstjóri, og Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri Blb., sem jafnframt ritaði fundargerð.

## Fundargerð:

Valdimar setti þennan fyrsta fund, nýrrar stjórnar, og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Stjórn skiptir með sér verkum

Tillaga lá fyrir um að Hjálmar Björn, verði formaður stjórnar, og var það samþykkt samhljóða, og tók hann þar með við stjórn fundarins.

### 2. Uppsagnarbréf slökkviliðsstjóra (*þessum lið bætt við á dagskrá*)

VOH lagði fram bréf, dags 12/09. '18., þar sem Jón Jóhannsson, segir upp starfi sínu sem slökkviliðsstjóri Brunavarna Austur Húnavetninga, með þriggja mánaða fyrirvara, frá dagsetningu bréfsins, nema að um annað verði samið. Stjórn ákvað að funda sérstaklega, í byrjun október, um hvernig best verði brugðist við erindinu. Jón vék af fundi undir þessum lið.

### 3. Hlutverk byggðasamlags – verkefni:

- Slökkviliðsstjórastarfið: JJ fór yfir helstu verkefni starfsins, og umræða varð um auknar skyldur sem verið er að leggja á starfandi slökkvilið.
- Bílastæðamál hjá slökkvistöð: Vakin var athygli á stóru auknum þrengslum á bílastæðum við slökkvistöð, og dæmi um að lagt sé fyrir útkeyrslunni þarf að skoða, m.a., með byggðaráði, vegna mögulegrar fjölgunnar og skipulags bílastæða á svæðinu, við slökkvistöð og N1-þjónustustöð, ofl..
- Brunahanar í þéttbýli: Vakin var athygli á því að sumir brunahanar komu illa út í síðustu skoðun, (sjá skýrslu) og bregðast yrði við því sem fyrst. JJ falið að kanna kostnað við nýja brunahana, fyrir næsta fund stjórnar.
- Brunavarnaráætlun: Rætt var um stöðuna á áætluninni (frá 2009) og athuga þyrfti með þann samning sem er í gangi, (ELDOR) og framhald.
- Ný reglugerð slökkviliða hjá MVS: Vakin var athygli á nýrri reglugerð um slökkvilið, frá Mannvirkjastofnun, og vert væri að skoða hana og kynna sér vel, t.d., fyrir næsta fund stjórnar, þar sem breytingar yrðu metnar. Þá væri rétt að kynna sér stöðu sambærilegra slökkviliða, með úrlausnir.
- Húnavellir: Rætt var um aðstöðu til slökkvistarfa á Húnavöllum, og fram kom að hún hafði verið skoðuð og metin, þar sem ekki væri brunahani í þeim kjarna.
- Eldvarnareftirlit: Fram kom að Eldstöðir sinna því, samkvæmt samningi.

### 4. Önnur mál

Ákveðið var að fresta því að ræða: Menntun slökkviliðsmanna, og Eldvarnarbandalag, til næstu funda, og fara þá betur í verkefni undir lið nr 3.

Áætlað er að halda næsta fund, í fyrstu viku október, m.a. v/lið nr.2.

# Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

---

Fleira ekki gert, og fundi slitið kl 18:10-

Hjálmar Björn Guðmundsson (sign),      Sverrir Þór Sverrisson ( sign),

Magnús Valur Ómarsson (sign),      Jón Jóhannsson (sign),

*Blönduósi 13. september 2018*

*Valdimar O Hermannsson (sign)*